

## SAMÞYKKT

### **um hænsnahald í Fjallabyggð, utan skipulagðra landbúnaðarsvæða.**

#### 1. gr.

##### *Gildissvið og markmið.*

Samþykkt þessi gildir um hænsnahald í Fjallabyggð á svæðum öðrum en skipulögðum landbúnaðarsvæðum og skráðum lögbýlum. Samþykktin er sett til að tryggja öryggi, hollustuhætti, góða umgengni og fullnægjandi mengunarvarnir vegna hænsnahalda í þéttbýli Fjallabyggðar.

Matvælastofnun fer með mál er varða lög um velferð dýra samkvæmt lögum nr. 55/2013, um velferð dýra.

Tæknideild Fjallabyggðar í umboði bæjarstjórnar Fjallabyggðar og heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra, annast útgáfu leyfa og framkvæmd samþykktar þessarar.

#### 2. gr.

##### *Leyfisveitingar.*

Sækja skal um leyfi fyrir hænsnahaldi á bæjarskrifstofu Fjallabyggðar eða á vefnum [www.fjallabyggd.is](http://www.fjallabyggd.is) á þar til gerðum eyðublöðum áður en hænsnahald hefst.

Skilyrði til leyfisveitinga eru:

- a. Að tilskilin leyfi byggingar- og skipulagsfyrvalda liggi fyrir nema að skilyrði í g-lið í 2.3.5. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012 séu uppfyllt.
- b. Að umsókn fylgi skriflegt samþykki nágranna á aðliggjandi lóðum. Ef um fjöleignarhús er að ræða skal að auki liggja fyrir samþykki húsfélags. Sé um að ræða jörð eða fasteign í óskiptri sameign skal samþykki sameigenda liggja fyrir. Sé umsækjandi leigjandi skal fylgia samþykki leigusala.
- c. Að hænsnahald hafi ekki verið sérstaklega bannað eða þinglýstar kvaðir séu á fasteignum þar að lútandi.
- d. Að umsækjandi hafi ekki gerst brotlegur við lög um velferð dýra eða reglugerðir settar á grundvelli þeirra.
- e. Að umsækjandi sé lögráða.

Leyfilegt er að halda allt að sex hænsni á hverri lóð. Óheimilt er með öllu að halda hana.

Telji bæjarstjórn að skilyrði til hænsnahalda séu fyrir hendi þá veitir hún leyfi til allt að fimm ára.

#### 3. gr.

##### *Hænsnakofar.*

Á lóðum þar sem veitt er leyfi til hænsnahalda þarf að vera hæfilega stór kofi sem rúmar þann fjölda hænsna sem leyfið er veitt fyrir. Kofi fyrir sex hænur þarf að vera að lágmarki  $3 \text{ m}^2$  að stærð. Í kringum hænsnakofa skal vera hænsnahelt gerði, hæfilega stórt fyrir útiveru hænsna. Hænsnakofi og gerði skulu vera vel innan lóðamarka viðkomandi lóðar, að lágmarki 3 metra. Kofi skal vera meindýraheldur og fóður skal geyma í meindýraheldum ílátum. Byggingarleyfi fyrir hænsnakofa og girðingar við þá er háð ákvæðum byggingarreglugerðar.

#### 4. gr.

##### *Lausaganga.*

Lausaganga hænsna er óheimil og ber leyfishafi fulla vörluskyldu. Leyfishafi er að öllu leyti ábyrgur og ber að koma í veg fyrir að hænsnahaldið valdi ónæði, svo sem vegna hávaða, ólyktar og hvers konar óþrifnaðar.

## 5. gr.

*Handsömun.*

Sleppi hænsni úr gerði skal tafarlaust gera fullnægjandi ráðstafanir við handsömun þeirra. Hænsni í lausagöngu skal færa í geymslu á vegum Fjallabyggðar. Hænsna þarf að vitja innan tveggja sólarhringa frá handsömun en að öðrum kosti verða þau aflífuð.

Handsömuð hænsni er óheimilt að afhenda leyfishafa nema greiddur hafi verið áfallinn kostn-aður við handsömun og geymslu. Kostnaður við aflífun skal að fullu greiddur af leyfishafa.

## 6. gr.

*Ónæði og þrif.*

Til að koma í veg fyrir ónæði vegna hávaða ber að hafa myrkur hjá hænsnum frá kl. 21.00 til kl. 7.00 alla daga.

Þrífa skal kofa að lágmarki vikulega. Skít skal fjarlægja með daglegri umhirðu og má hann ekki safnast upp. Hænsnaskít skal farga eða nýta á löglegan hátt. Hænsnaskít skal koma fyrir í lokuðum umbúðum þannig að hann valdi ekki lyktarmengun. Þegar hænsnaskítur er nýttur sem áburður skal plægja hann niður þannig að hann liggi ekki á yfirborðinu. Ef ekki er unnt að nýta skít skal flytja hann í lokuðum umbúðum á móttökustöð fyrir lífrænan úrgang. Leyfishafa ber að gera ráðstafanir til að tryggja að meindýr komist ekki í fóður.

Leyfishafa ber að sjá til þess að hænsnahaldið laði ekki að meindýr.

## 7. gr.

*Afturköllun leyfis.*

Bæjarstjórn getur afturkallað leyfi til hænsnahalda samkvæmt samþykkt þessari ef leyfishafi brýtur ákvæði laga um velferð dýra eða ákvæði samþykktar þessarar.

## 8. gr.

*Sjúkdómar.*

Komi upp sjúkdómar eða smithætta sem að mati sóttvarnarlæknis og yfirdýralæknis geta skapað hættu fyrir heilbrigði manna, ber að hætta hænsnahaldi tafarlaust og farga hænsnum í samráði við heilbrigðisnefnd.

## 9. gr.

*Eftirlit.*

Eftirlit með því að ákvæðum samþykktar þessarar sé framfylgt er í höndum dýraeftirlits Fjallabyggðar í umboði heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra. Nágranna sem verður fyrir ónæði eða óhollstu af hænsnahaldi er heimilt að leita til tæknideildar til úrlausnar með vísan til samþykktar þessarar.

## 10. gr.

*Pvingunarúrræði.*

Um þvingunarúrræði og viðurlög við brotum gegn ákvæðum samþykktar þessarar fer samkvæmt XVII. og XIX. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

## 11. gr.

*Gjaldtaka.*

Bæjarstjórn er heimilt að setja gjaldskrá vegna leyfis til hænsnahalda samræmi við ákvæði 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Í gjaldskrá skal kveðið á um leyfis- og eftirlitsgjöld og kostnað leyfishafa vegna annarra gjaldaliða sem leiða af samþykkt þessari. Við ákvörðun gjaldskrár skal tekið mið af launa-, efnis- og umsýslukostnaði og öðrum kostnaði sem fellur til vegna hvers gjaldaliðar samkvæmt rekstraráætlun til að standa straum af kostnaði við að framfylgja samþykkt þessari.

Gjöld vegna aðkomu heilbrigðisnefndar greiðast samkvæmt gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra.

Nr. 71

11. janúar 2018

12. gr.

*Úrskurðarnefnd.*

Um kæruheimildir til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála vegna samþykktar þessarar fer skv. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

13. gr.

*Staðfesting.*

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 2. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 11. janúar 2018.*

F. h. r.

**Sigurbjörg Sæmundsdóttir.**

*Laufey Helga Guðmundsdóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 25. janúar 2018